

## 2. Fundur Stjórnar S.Í. fimmtudaginn 23. júní 2016 kl. 17.15

Mætt eru : Kjartan Maack, Ingibjörg Edda, Björn Ívar, Stefán Steingrímur, Ásdís, Gunnar, Róbert og Óskar Long.

1. **Sameining félaga.** Samruni Vinaskákkfélagsins og Áttavilltra samþykkt einróma.
2. **Ólympíuskákmótið.** Búið er að tilkynna bæði karla og kvennaliðið, Ingvar Þór Jóhannesson verður liðsstjóri karlaliðsins og Björn Ívar Karlsson liðsstjóri kvennaliðsins. Fimm liðsmenn eru í hvoru liði. Gunnar Björnsson mun verða Fide fulltrúi og Kjartan Maack verður fararstjóri. Einnig munu fimm íslenskir dómarmenn verða á Ólympíuskákmótinu.
3. **Skákþing Íslands 2016.** Framkvæmd þótti takast framúrskarandi vel í góðri samvinnu við Seltjarnarnesbæ. Ríkharður Sveinsson yfirdómari mótsins, skrifaði greigóða skýrslu um mótið sem var lögð fyrir stjórn. Samþykkt að skerpa og skýra reglur mótsins nánar í framtíðinni, og að yfirdómari stærrí móta skrifi skýrslu að móti loknu. Skáksamband Íslands óskar Jóhanni Hjartarssyni innilega til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn.
4. **EM ungmenna.** Mótið frem fram í Prag 17.-29. ágúst n.k. Gauti Páll Jónsson og Benedikt Þórisson hafa bæst við keppendalistann.
5. **Nefdarskipan-framtíðarmótun.**
  - a. **Skákmótanefnd.** Gunnar Björnsson formaður.
  - b. **Æskulýðsnefnd.** Stefán Bergsson formaður.
  - c. **Mótsstjórn Íslandsmóts Skákkfélaga.** Sverrir Örn Björnsson formaður, Áskell Örn Kárason og Helgi Árnason, til vara eru Steinþór Baldursson, Kjartan Maack og Róbert Lagerman.
  - d. **Skákstiganefnd.** Ríkharður Sveinsson formaður.
  - e. **Skákminjanefnd.** Stefán Bergsson formaður, Róbert Lagerman.
  - f. **Landsliðs og afreksnefnd.** Gunnar Björnsson formaður.
  - g. **Kvennaskáknefnd.** Björn Ívar Karlsson formaður, Ingibjörg Edda Birgisdóttir og Róbert Lagerman.
  - h. **Landsbyggðanefnd.** Gunnar Björnsson mun skipa í nefndina.
  - i. **Styrkjanefnd.** Gunnar Björnsson mun leita eftir formanni í nefndina.
  - j. **Öðlinganefnd.** Einar S. Einarsson formaður.
  - k. **Fjárhagsnefnd.** Björn Ívar Karlsson formaður.
  - l. **Laganefnd.** Tómas Veigar Sigurðarson formaður.
  - m. **Framtíðarnefnd/Stefnumótunarnefnd.** Kjartan Maack formaður.
  - n. **Mótanefnd Reykjarvíkurskákmótanna.** Gunnar Björnsson formaður.
  - o. **Fræðslunefnd.** Stefán Bergsson formaður, Róbert Lagerman.
  - p. **Almannatengslanefnd.** Gunnar Björnsson mun sjá um að skipa í þessa nefnd. Að öðru leiti munu formenn nefnda fullskipa nefndirnar. Hugmynd kom upp að halda sérstakan fund um framtíðarmótun S.Í. Kjartan Maack mun halda utan um þennan mikilvæga málaflokk.
6. **Mótaáætlun.** Áætlunin lögð fram með lítisháttar breytingum, samþykkt samhljóma. Mótaáætlun hefur þegar verið gerð opinber. Hafa ber í huga að mótaáætlun er áætlun, sem kann að breytast er fram líða stundir.
7. **Skákferð til U.S.A.** Komið hefur beiðni frá Bandaríkjunum að endurvekja skákkeppni milli landanna, Gunnar mun ræða við Helga Ólafsson skólatjóra skákskólans um þetta mál.
8. **Styrkir til skákmanna.** Gunnar lagði fram tillögu að styrkjum sem sóttir hafa verið um á þessum tímamarki. Samþykkt eftir umræður. Gunnar telur nauðsynlegt að skerpa og fríska

upp styrktarreglurnar. Góða umræður, og stjórnin felur Gunnari að gera tillögur að endurbættum styrktarreglum.

9. **Bók Jóns Þ. Þórs.** Erindi frá Jakobi F. Ásgeirssyni útgefanda bókarinnar. Hann biður um aðstoð að koma bókinni „Meistarar Skáksögunnar“ í farveg. Til er dagóður lager af bókinni. Ein hugmynd kom fram skákkrakkar myndu selja bókina og fá ágóðann í skákferðir. Gunnar mun ræða þessa hugmynd við Jakob.
10. **Önnur mál.** Engin.

**Fundi slitið kl. 19.20 Róbert Lagerman ritari S.Í.**